

Bekkjarnámskrá 10. bekkjar veturinn 2025-2026

**Umsjónarkennarar:** Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Jón Hálfán Pétursson  
**Stuðningsfulltrúi:** Alma Björk Sigurðardóttir

**Námstilhögun og  
kennsluáðstæður:**

Í 10. bekk eru 46 nemendur. Kennt er í stofum 213/216. Tveir kennarar eru með hópnum í öllum greinum, þ.e einn í hvorri stofu. Einnig eru einn stuðningsfulltrúi þar að auki.

**Námsmat:**

Símat í öllum námsgreinum.

Ástundun, vinnubrögð, verkefni, vinnubækur eru metin eftir hæfniviðmiðum aðalnámskrár og notuð til þess umsagnar og/eða fimm tákn: Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.

Kannanir og próf eru metin til einkunna eftir námsmatskvarðanum A, B+, B, C+, C, D. Nemendur og foreldrar geta fylgst með framvindu námsins á [www.mentor.is](http://www.mentor.is)

**Samfélagsfræði, náttúrufræði og upplýsingatækni**

**Kennarar:** Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Guðlaugur Viðar Valdimarsson

**Markmið:** Að nemendur nái góðu valdi á notkun íslensku og öðlist skilning á gildi hennar. Að þeir geti lesið almenna texta með góðum skilningi og séu færir um að koma hugmyndum sínum þekkingu og leikni á framfæri á viðeigandi hátt bæði munnlega og skriflega. Nemendur eiga að vinna með margskonar gögn, túlka ólíkar heimildir og nota margvísleg gögn og tækni til að kynnast og ígrunda víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, sögu, trúar og lífsviðhorfa, og samhengi nærsamfélags, sjálfbærrar þróunar og hnattvæðingar. Nemendur eiga að læra ríkulegan orðaforða sem tengist námsefni unglingsstigsins og geta notað hann í ræðu og riti. Auk þess eiga nemendur að þjálfast í hópvinnubrögðum og sjálfsábyrgð og taka markvisst aukna ábyrgð á námsframvindu sinni.

**Námsþættir:** Eftirfarandi þemu verða tekin fyrir og komið inn á þau frá fjölbreyttum sjónarhornum:

- Námsefni:** Lífheimurinn - mannlíkaminn, Styrjaldir og kreppa, Eðlisfræði 1 og 2, Um víða veröld, og ýmislegt efni af netinu og frá kennurum.
- Námsmat:** Hvert þema er metið samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

**Stærðfræði**  
**Kennslustundir eru 6 á viku**

- Kennarar:** Guðrún Ósk Ásmundsdóttir, Jón Hálfán Pétursson og Indíana Einarsdóttir
- Markmið:** Að nemendur nái það góðum tókum á aðferðum og hugtökum stærðfræðinnar að það nýtist þeim í daglegu lífi og áframhaldandi námi.
- Námsefni:** Að miklu leyti verða notaðar þrautir og efni frá kennum en auk þess Skali 3A, nemendahefti og æfingahefti og Skali 3B, nemendahefti og æfingahefti. Einnig er notast við Almenn stærðfræði I, II og III — Stærðfræði 8-tíu 3, 4, 5, og 6.
- Heimavinna:** Nemendur þurfa aðeins að vinna heima það sem þeir ná ekki að ljúka við í skólanum eða ef þeir eru í leyfi eða veik. Þá þurfa nemendur að fylgjast með áætlunum á Google Calendar.
- Námsmat:** Stöðug endurgjöf kennara og samnemenda í hópvinnu, próf og kannanir.

**Íslenska**  
**Kennslustundir eru 6 á viku**

- Kennarar:** Guðrún Ósk Ásmundsdóttir og Guðlaugur Viðar Valdimarsson
- Markmið:** Stefnt skal að því að nemendur nái góðu valdi á notkun móðurmálsins og öðlist skilning á gildi þess. Nemendur þekki orðflokkana, geti greint ýmis málfræðiatríði, þekki og geti unnið með bókmenntahugtök. Áhersla lögð á að auka lestraráhuga nemenda og þjálfarritun.
- Námsefni:** Í bókmenntum: Undur, Strákurinn í röndóttu náttfötunum og Kjalnesingasaga  
Í málfræði: Málið í mark – Sagnorð og Málfinnur.  
Í ritunarkennslu er lögð áhersla á fjölbreytt verkefni, uppsetningu og skipulag.  
Í lestri: Yndislestur, umsagnir og kynningar um yndislestrarbækur.
- Námsþættir:** Málfræði, bókmenntir, ritun og stafsetning, tjáning, lestur og lesskilningur og orðaforði.
- Námsmat:** Símat. Verkefni, vinna og vinnubók metin til einkunnar.
- Heimavinna:** Nemendur þurfa aðeins að vinna heima það sem þeir ná ekki að ljúka við í skólanum eða ef þeir eru í leyfi eða veik. Þá þurfa nemendur að fylgjast með áætlunum á mentor.

**Námsmat:** Stöðug endurgjöf kennara og samnemenda í hópvinnu, próf og kannanir.

**Danska**  
**Kennslustundir eru 3 á viku**

**Kennarar:** Áróra Hrönn Skúladóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir

**Markmið:** Að nemendur geti lesið og skrifað stuttan texta með algengum orðaforða, hafi góðan framburð og skilji allt venjulegt talað mál í tengslum við námsefnið. Að nemendur kynnist danskri menningu og siðum. Að nemendur séu meðvitaðir um eigin ábyrgð á árangri og framförum í námi.

**Námsefni:** Dejlige Danmark: lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Tak lesbók og vinnubók. Ýmis þemaverkefni sum tengd námsbókunum önnur ekki. Islex.is rafræn orðabók. Ýmsar danskar myndir og þættir. Hringekjuverkefni.

**Námsmat:** Öll vinna er metin til lokahæfni þ.e. öll unnin verkefni, vinnubækur með lesbókum, kaflapróf, ritunarverkefni auk hringekju og þemaverkefna.

**Enska**  
**Kennslustundir eru 4 á viku**

**Kennari:** Áróra Hrönn Skúladóttir og Sara Rós Sigurðardóttir

**Markmið:** Að auka færni nemenda í að skilja mælt mál og ritað og tjá sig á því, bæði munnlega og skriflega. Áhersla er lögð á aukna þekkingu í málfræði og aukinn orðaforða og ritun. Að gefa nemendum innsýn í menningu og síði enskumælandi þjóða. Að nemandi sé meðvitaður um eigin ábyrgð á árangri og framförum í námi.

**Námsefni:** Spotlight 9 lesbók og vinnubók. Einnig ýmis konar aukalesefni: Léttlestrarbækur á ensku, lesbækur og efni af Netinu, verkefni og þemaverkefni. Annað efni valið af kennurum t.d. myndbönd.

**Heimavinna:** Ekki er gert ráð fyrir heimavinnu, en þá helst til að ljúka við efni kennslustundarinnar.

**Námsmat:** Símat: vinnubrögð, einstaklingsverkefni, hópverkefni, próf og annað frá kennara.

**Íþróttir**  
**Kennslustundir eru 2 á viku**

**Kennari:** Lillý Viðarsdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir

**Markmið:** Að efla líkamsþroska og heilsu nemenda og vekja hjá þeim áhuga á reglubundinni íþróttaiðkun og líkamsrækt.

**Námstilhögun:** Árgangurinn er allur saman í íþróttatímum á Torfnesi tvær kennslustundir í viku

**Námsmat:** Prófað er í lok skólaárs í samræmi við námsferil vetrarins, auk þess er mæting, framkoma og virkni metin til einkunnar

### Valgreinar

#### Fjöldi kennslustunda mismunandi eftir önnum

Í einstökum námsgreinum í frjálsum vali er líklegt að blöndun verði á nemendum í 8. -10. bekk. Mikilvægt er að nemendur vandi val sitt og séu meðvitaðir um inntak þeirra námsgreina sem þeir velja. Mælt er með því að nemendur ræði við þá kennara sem kenna umræddar greinar og afli sér sem besta upplýsinga. Nemendur geta einnig leitað ráða hjá umsjónarkennara sínum og námsráðgjafa ef um einhver vafaatriði er að ræða.

**Kjarnagreinar:** standa saman af íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, upplýsingatækni og íþróttum.

**Frjálst val** eru þær greinar sem nemandi velur af valblaðinu og þarf hver nemandi að skila átta stundum á viku í vali sem getur orðið þannig að þær eru fleiri öðru hvoru megin við áramót þar sem sumar valgreinar eru kenndar hálfan veturinn.

ísl	stæ	ens	dan	nát	sam	uppl.	lífs	íþr	sund	samtals	val	samtals
6	6	4	3	3	2	1	1	3	0	29	8	37

Nemendur geta fengið fullt nám við tónlistarskóla og íþróttapjálfun metna sem tvær kennslustundir á viku allan veturinn. Aðeins er hægt að fá hvort metið einu sinni þó verið sé að læra á fleiri hljóðfæri eða æfa fleiri en eina íþrótt.

**Upplýsingar um námsgreinar í boði er hægt að finna á heimasíðu skólans**

<https://grisa.isafjordur.is/namid/valgreinar/>